

- 92 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Ísleifs Jakobs-
15. júní sonar, málarameistara, frá Auðsholti“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af
dómsmálaráðherra 15. júní 1944.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Ísleifs Jakobssonar, málarameistara, frá Auðsholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Ísleifs Jakobssonar, málarameistara, frá Auðsholti, og er stofnaður með gjafabréfi hans, dags. 10. nóv. 1929.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, sem afhendast Iðnaðar-
mannafélaginu í Reykjavík við andlát systur Ísleifs, Sigríðar Jakobsdóttur.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Sparisjóðsbækur
og verðbækur sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla iðnaðarmenn til þess að fullnuma
sig erlendis í iðn sinni.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Af vöxtunum skal jafnan leggja helm-
inginn við höfuðstólinn, en hinum helmingnum má verja samkvæmt 4. gr. Öðrum
tekjum, svo sem gjöfum, áheitum o. fl., má verja á sama hátt.

6. gr.

Sjóðnum stjórna 3 menn: Formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, skóla-
stjóri Iðnskólans í Reykjavík og einn maður, kosinn af Iðnaðarmannafélaginu í
Reykjavík á aðalfundi þess ár hvert.

7. gr.

Úthluta skal styrkjum úr sjóðnum 10. nóv. ár hvert.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og
úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún lögildir, og skrá í hana ákvarð-
anir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta nema til samrýmingar löggjöf, er
kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

11. gr.

Leita skal ríkisstjórastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. júní 1944.

Guðm. H. Guðmundsson,
p.t. form. Iðnaðarmannafél.

Helgi Hermann Eiríksson,
skólastj. Iðnskólans.

Guðm. Gamalíelsson.